

SAMNINGUR

Sjúkratrygginga Íslands og Læknafélags Reykjavíkur um þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna

Sjúkratryggingar Íslands, kt. 650309-0220, (hér eftir Sjúkratryggingar) og Læknafélag Reykjavíkur, kt. 450269-2559, (hér eftir LR) vegna sjálfstætt starfandi sérgreinalækna (hér eftir lækna) gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Hann tekur til almennra lyflækna, augnlækna, barnageðlækna, barnalækna, blóðlækna, bæklunarskurðlækna, efnaskipta- og innkirtlalækna, endurhæfingarlækna, geðlækna, gigtarlækna, háls-, nef- og eyrnalækna, hjartalækna, húðlækna, krabbameinslækna, kvensjúkdómalækna, lungnalækna, lýtalækna, sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, nýrnalækna, ofnæmis- og ónæmislækna, skurðlækna, smitsjúkdómalækna, svæfingalækna, taugalækna, þvagfæraskurðlækna og öldrunarlækna sem reka starfsstofur utan opinberra stofnana og veita þjónustu einstaklingum sem sjúkratryggðir eru skv. lögum nr. 112/2008 eða slysatryggðir skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Þau læknisverk, sem samið er um á grundvelli samnings þessa, koma fram í meðfylgjandi gjaldskrá hvernar sérgreinar fyrir sig, með þeim takmörkunum er um getur í samningnum og gjaldskránni, *sjá fylgiskjal III*, en gjaldskráin telst hluti þessa samnings. Þó tekur samningur þessi ekki til verka sem undanskilin eru greiðsluþátttöku með reglugerð. Sjúkratryggingum er heimilt að fella einstök verk af gjaldskrá ef áherslur yfirvalda heilbrigðismála breytast á samningstímabilinu, en veita skal læknum hæfilegan aðlögunartíma vegna slíkra ákvarðana.

Aðilar samnings þessa geta á samningstímanum samið um breytingar á honum og eftir atvikum nánari útfærslur. Slíkir samningar eru bindandi fyrir lækna sem starfa samkvæmt samningnum.

Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir.

2. gr.

Skilmálar, samningsform, aðild að samningi

Í samningi þessum koma fram staðlaðir skilmálar, sem gilda um öll læknisverk sem samningur þessi tekur til.

Vilji læknir, sem hefur fengið heimild Embættis landlæknis (EL) til að starfa á eigin stofu, starfa skv. samningi þessum, skal gerður sérstakur þjónustusamningur milli hans og Sjúkratrygginga, *sjá fylgiskjal II*. Í þjónustusamningi læknis við Sjúkratryggingar er tilvísun til samnings þessa og teljast ákvæði þessa samnings því sjálfkrafa hluti þjónustusamninga við einstaka lækna.

Þegar læknir sækir um rekstrarleyfi til EL skal hann á sama tíma tilkynna Sjúkratryggingum um þá umsókn ásamt upplýsingum um fyrirhugað umfang starfseminnar.

Frá og með 1. janúar 2025 skal inntaka nýrra lækna, þ.e. lækna sem hafa ekki starfað samkvæmt samningi þessum áður, miðast við 1. janúar og 1. júlí ár hvert, enda uppfylli þeir öll skilyrði samnings þessa, laga og reglna, m.a. um leyfi EL til stofureksturs. Veita má undanþágu frá þessum tímamörkum mæli ástæður með því.

Sjúkratryggingar geta auglýst eftir sérgreinalæknum á samning ef áherslur í heilbrigðisþjónustu breytast eða á grundvelli niðurstöðu þarfagreiningar.

3. gr.

Starf innan starfsheilda

Þrátt fyrir að samningur þessi miðist við að gerður verði sérstakur þjónustusamningur við hvern og einn lækni er það markmið samnings þessa að sem flestir læknar starfi innan formlegra starfsheilda. Starfsheildir skulu vera lögaðilar, í meirihlutaeigu starfandi heilbrigðisstarfsmanna, sem viðkomandi læknar hafa samningssamband við. Samstarfsnefnd mótar nánari viðmið um eignarhald. Þeim læknum sem vinna samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga við gildistöku samnings þessa skal heimilt að vinna utan starfsheilda út gildistíma þessa samnings.

Hlutverk starfsheilda er meðal annars að:

- Stuðla að því að starfsemi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til heilbrigðisþjónustu og mæti jafnframt öðrum opinberum kröfum.
- Stuðla að aðgengi að þjónustu, þ.m.t. nýrra notenda og samfellu í þjónustu þegar læknir lætur af störfum eða vegna fjarveru læknis.
- Tryggja að nýtt séu samræmd viðurkennd upplýsingakerfi sem byggi á stafrænum samskiptum við Sjúkratryggingar og eftir því sem unnt er við notendur.
- Tryggja að fram fari formlegt skipulagt gæðastarf og innra eftirlit.
- Stuðla að aðgengi að stoðþjónustu og teymisvinnu þegar við á.
- Skipa tengilið gagnvart Sjúkratryggingum varðandi framkvæmd þjónustu og álitaefni þar að lútandi.
- Skilgreina þær skyldur sem læknar þurfa að uppfylla til að starfa undir merkjum starfsheildarinnar og viðbrögð, ef ekki er staðið við þær skyldur.
- Bregðast við athugasemdum frá sjúklingum vegna þjónustunnar og koma þeim í réttan farveg.

Samstarfsnefnd setur viðmið um starfsemi starfsheilda og getur óskað eftir áætlun starfsheilda um fyrirkomulag gæðastarfs og innra eftirlits.

4. gr.

Kröfur til læknis

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin á starfsstofu læknis sem fengið hefur staðfestingu EL, sbr. lög nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, í sérgrein sem tilgreind er í 1. mgr. 1. gr. samnings þessa. Læknir eða eftir atvikum starfsheild, skal tryggja faglega hæfni aðstoðarfólks síns og þagnarskyldu þess.

Læknir skal uppfylla faglegar kröfur skv. lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga og öðrum lögum sem við geta átt hverju sinni. Hann skal stunda góða og gagnreynda læknisfræði, fylgja viðurkenndum klínískum leiðbeiningum í sérgrein sinni og gæðaáætlunum EL eins og við á, sbr. nú áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019–2030. Starfsstofa skal uppfylla allar þær kröfur sem EL gerir á hverjum tíma. Um færslu og varðveislu sjúkraskráa læknis gilda lög um sjúkraskrár nr. 55/2009.

Þjónusta lækna skal veitt sem jafnast yfir árið og læknir skal gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklinga á starfsstofu standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi að breyta viðtalstíma.

Þar sem bið hefur skapast eftir þjónustu skal læknir leitast við að taka við nýjum sjúklingum. Jafnframt skal hann leitast við að forgangsraða þannig að þeir fái fyrst þjónustu sem eru í mestri þörf fyrir hana.

Læknir skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna, m.a. við alla meðferð, vísun á rannsóknir, myndgreiningu og lyf, með hliðsjón af góðri viðurkenndri læknisfræði.

5. gr.

Verð á þjónustu

Endurgjald byggist á einingarverði, umsaminni gjaldskrá og eftir atvikum sérstakri endurgreiðslugjaldskrá Sjúkratrygginga. Verð á umsaminni þjónustu er tilgreint í gjaldskrá viðkomandi sérgreina, sjá fylgiskjal III með samningi þessum. Það miðast við að læknir leggi sjálfur til alla nauðsynlega aðstöðu og aðstoð. Innifalin eru öll gjöld og annar kostnaður læknis, nema efnisgjöld.

Greidd skulu efnisgjöld í samræmi við efnisgjaldsamning og efnisgjaldagjaldskrá honum samkvæmt, sjá fylgiskjal IV, eða á grundvelli innkaupareiknings.

Sjúkratryggingar skulu halda eftir 0,3% gjaldi af heildarreikningi læknis, þ.m.t. v. efnisgjalda, er renni til samningasjóðs LR. Sjúkratryggingar skulu greiða mánaðarlega og gera LR sérstaka skilagrein fyrir þessari innheimtu tvisvar á ári.

Hvor aðili um sig getur lagt fram tillögur um breytingar á læknisverkum, ný læknisverk eða að fella verk út af gjaldskrá. Slíkar tillögur skulu lagðar fram í samstarfsnefnd.

Vilji lækni taka upp nýtt verk sem ekki er innan samningsbundinnar gjaldskrár skal hann sækja um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga. Málið skal borið undir samstarfsnefnd sem metur m.a. hvort verkið sé gagnreynt, hagkvæmt og falli að viðkomandi sérgrein. Samstarfsnefnd skal almennt afgreiða málin innan þriggja mánaða.

Ef samstarfsnefnd mælir með að verk sé tekið á gjaldskrá, en ekki reynist unnt að taka það upp að svo stöddu, t.d. vegna fjárhagslegra sjónarmiða eða óvissu um umfang, skulu Sjúkratryggingar setja verkið í sérstaka endurgreiðslugjaldskrá (hér eftir nefnd sérstök gjaldskrá), enda sé það í samræmi við þá þjónustu sem lækna veita á grundvelli samningsins.

Greiðslur sjúklunga vegna slíkra verka reiknast ekki sem kostnaðarhluti sjúklings við útreikning í greiðsluþátttökukerfi. Metið verði með reglubundnum hætti (a.m.k. tvisvar á ári) hvort verk í sérstakri gjaldskrá skuli færð inn í almenna gjaldskrá.

Auk þess að vinna verk samkvæmt gjaldskrá og sérstakri gjaldskrá skal lækni heimilt að vinna eftirtalin verk gegn greiðslu sjúklings:

- Verk þar sem bið eftir viðkomandi þjónustu sjúkrahúsa er umfram viðmið EL.
- Gagnreynd verk sem sérstök ákvörðun hefur verið tekin um í reglugerð eða með öðrum formlegum hætti að séu án greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga.
- Verk sem ekki tengjast meðferð sjúklings en varða fjárhagslega eða aðra persónulegra hagsmuni viðkomandi sjúklings og fela m.a. í sér útgáfu álitsgerða og vottorða til einkaaðila.

Þar til vinnu við sérstaka gjaldskrá er lokið er lækni þó heimilt að innheimta gjald fyrir læknisverk, sem eru utan umsaminnar gjaldskrár, úr hendi sjúklings. Gert er ráð fyrir að vinnu við sérstaka gjaldskrá ljúki eigi síðar en innan 12 mánaða frá undirritun samnings þessa.

Lækni skal aðeins heimilt að gjaldfæra Sjúkratryggingar fyrir læknisverk, sem falla undir gjaldskrá viðkomandi sérgreinar, enda falli læknisverk undir sérgrein hans, sbr. reglugerð um veitingu sérfræðileyfa, eins og hún er á hverjum tíma. Óski lækni eftir að vinna læknisverk sem fellur undir gjaldskrá annarrar sérgreinar skal fjallað um málið í samstarfsnefnd, nema annað komi fram í gjaldskrá.

Almennt einingarverð samnings þessa er 580,- kr. á verðlagi í maí 2023. Einingarverð þeirra lækna sem starfa innan starfsheilda sem uppfylla sett viðmið skal vera 20,- kr. hærra en almennt einingarverð.

Einingarverðið breytist tvisvar sinnum á ári eða 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2024. Skal 50% taka breytingum miðað við launavísitölu og 50% miðað við breytingu á vísitölu neysliverðs. Miðað er við vísitölur í maí og nóvember ár hvert. Neysliverðsvísitala í maí 2023 var 590,6 stig og launavísitala 939,1 stig.

Ef í ljós kemur misræmi milli verðlagsforsendna samkvæmt þessari grein og raunlaunaþróunar samanburðarstétta hjá hinu opinbera geta fulltrúar aðila í samstarfsnefnd kallað til hvor sinn sérfræðinginn í launaþróunarmálum til að fara yfir og meta áhrifin og hvort ástæða sé fyrir samstarfsnefnd til að bregðast við.

6. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra

Fyrir læknisverk skv. samningi þessum greiðir sjúkratryggður gjald samkvæmt 29. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerð 1551/2022.

Þeim hluta greiðslu, sem Sjúkratryggingum ber að greiða skv. samningi þessum, skal lækni aldrei veita viðtöku úr hendi hins sjúkratryggða.

Sjúkratryggðum einstaklingi er heimilt að óska eftir að lækni taki hann til meðferðar án greiðslupátttöku Sjúkratrygginga. Þessi ósk sjúklings skal vera skrifleg og skal þá gefa út reikning til hans beint. Lækni er óheimilt að nota þetta ákvæði til að veita sjúklingi forgang á biðlista. Lækni er óheimilt að krefja viðkomandi sjúkratryggðan einstakling um hærra gjald fyrir verkið en umsamið er samkvæmt gjaldskrá viðkomandi sérgreinar og Sjúkratrygginga.

Lækni skal ekki hafa nein afskipti af ákvarðanatöku einstakra sjúklinga um það hvort þeir óski lækni meðferðar án greiðslupátttöku Sjúkratrygginga.

7. gr.

Greiðslur SÍ

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiða Sjúkratryggingar það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 5. gr. nemi fullri þóknun.

8. gr.

Reikningar

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Á reikningi skal m.a. koma fram nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða verk fór fram, hvaða lækni eða hver vann þau, hvar þjónustan var veitt, gjaldskrárlíður, einingafjöldi og greiðsluhluti sjúkratryggðs.

Heimilt er læknum að senda Sjúkratryggingum reikninga í nafni fyrirtækis síns fyrir þau verk sem unnin eru á grundvelli samnings þessa. Einnig er starfsheildum, sem lækni eru aðilar að, eða fyrirtækjum sem eru í meirihlutaeigu lækna er við þau starfa, heimilt að senda Sjúkratryggingum reikninga fyrir verk sem unnin eru af læknum sem eru aðilar að samningi þessum. Einstakir reikningar skulu þó eftir sem áður merktir viðkomandi lækni eða grein gerð fyrir hver vann hvaða verk. Þessi reikningsskilamáti skal í engu breyta stöðu læknis

gagnvart sjúkratryggðum og Sjúkratryggingum. Sjúkratryggingar mæla fyrir um það form sem reikningum skal skilað í. Gætt skal að hagkvæmni og skilvirkni í þeim efnum.

Sjúkratryggður eða aðstandandi hans skal staðfesta komu með undirskrift reiknings eða með öðrum hætti sem samningsaðilar telja tryggan.

Læknar skulu senda Sjúkratryggingum reikningsupplýsingar rafrænt án milligöngu hins sjúkratryggða. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem Sjúkratryggingar hafa samþykkt, *sjá fylgiskjal V*. Rafrænar upplýsingar skulu almennt berast samdægurs. Sjúkratryggingar skulu greiða athugasemdalaus reikninga inn á bankareikning viðkomandi lækni/starfsheildar innan 10 virkra daga frá móttöku reikningsupplýsinga.

Sjúkratryggingar geta hvenær sem er óskað skýringa á reikningsupplýsingum/reikningi og ber útgefanda reiknings að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- Greiða reikning með fyrirvara.
- Hafna greiðslu reiknings.

9. gr.

Heildarfjöldi eininga, magnstýring

Árlegur áætlaður heildareiningafjöldi eru 27 milljónir eininga, m.v. 2023. Almennt skal miða við að árlegur vöxtur þjónustu verði 1,5%. Þennan áætlaða vöxt skal bera saman við breytingu á aldurssamsetningu og fjölgun þjóðarinnar. Einnig skal tillit tekið til flutnings verkefna, tækniframfara, nýjunga og annarra viðlíka þátta, ef um er að ræða. Sé mikill munur á þessum þáttum og viðmiðinu 1,5%, skal fjalla um það í samstarfsnefnd og bregðast við.

Ofangreindur heildareiningafjöldi miðast við að allar sérgreinar sem taldar eru upp í 1. mgr. 1. gr. starfi skv. samningnum.

Ef einhver hluti lækna sem sent hafa Sjúkratryggingum reikninga vegna þjónustu á undangengnum mánuðum gerir ekki þjónustusamning við Sjúkratryggingar á grundvelli samnings þessa er ofangreint einingamagn lækkað sem samsvarar árlegu einingamagni sem viðkomandi læknar hafa sent Sjúkratryggingum reikninga fyrir á árinu 2022.

Rúmist samanlagðar áætlanir lækna eða raunverulegt umfang ekki innan áætlaðs heildarmagns eininga skal samstarfsnefnd leita skýringa á aukningunni og bregðast við.

10. gr.

Áætlanir um vinnumagn

Breytist áætlað vinnumagn frá samningi eða fyrri tilkynningu, skal lækni senda Sjúkratryggingum nýja tilkynningu um áætlað vinnumagn (einingafjöldi) komandi árs fyrir 1. desember ár hvert og ber lækni að tilgreina ástæður breytinga umfram 15%.

Ef síðar koma í ljós frávik frá áætluninni um meira en 10% þarf viðkomandi læknir að gera Sjúkratryggingum grein fyrir frávikunum og ástæðum þeirra, óski Sjúkratryggingar þess. Sjúkratryggingar skulu hafa aðgengilegt fyrir lækna yfirlit um einingar og komur hvers mánaðar auk yfirlits um sömu atriði frá áramótum og samanburð við áætlað einingamagn læknis.

11. gr.

Aðgangur að læknisfræðilegum upplýsingum

Heilbrigðisstarfsmenn Sjúkratrygginga skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskráum læknis er varða þjónustu hans við hina sjúkratryggðu í samræmi við 46. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

12. gr.

Upplýsingakerfi

Lækni ber að nota stöðluð upplýsingakerfi vegna starfseminnar (þ.m.t. tímabókanir, reikningagerð og sjúkraskrá) sem byggir á stafrænum samskiptum við Sjúkratryggingar og eftir því sem unnt er við notendur.

Stýrikerfi og hugbúnaður sem tengjast kerfum Sjúkratrygginga verða að vera uppfærð og í stuðningi frá framleiðanda. Tölvubúnaður sem notaður er til að tengjast kerfum Sjúkratrygginga verður að vera með öryggisvörnum sem uppfærðar eru með nýjustu viðbótum hverju sinni. Hugbúnaður sem notaður er til að þróa tengingar við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera uppfærður og í stuðningi frá framleiðanda. Miðlun gagna í samskiptum við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera dulrituð og taka mið af lágmarkskröfum sem gilda um slík samskipti hverju sinni. Nánari skilmálar eru í umsókn um aðgengi að kerfum Sjúkratrygginga.

Lækni ber að hýsa sjúkraskrárgögn sín í hýsingarumhverfi sem rekið er með stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Samningur við ytri hýsingaraðila skal vera skriflegur. Í samningi skal meðal annars kveðið á um öryggisafritun gagnanna og ákvæði sem gerir lækni kleift að færa gögn yfir til annars hýsingaraðila þannig að ekki verði rof á aðgengi að gögnunum. Sé hýsingarumhverfi rekið af starfsheild skal gera samning við hæfan aðila um öryggisafritun.

13. gr.

Ábyrgð

Læknir skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi og færa sönnur á það ef aðilar óska þess.

14. gr.

Þagnarskylda og persónuvernd

Læknir skal gæta þagnarskyldu um allt það er hann verður var við í starfi sínu og leynt á að fara. Öllum veitendum heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum þeirra ber að fara með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika upplýsinga, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

15. gr.

Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd skal skipuð samkvæmt samstarfssamningi Sjúkratrygginga og LR, sem er hluti samnings þessa, *sbr. fylgiskjal II*.

Ákvarðanir samstarfsnefndar um breytingar á eða eftir atvikum túlkun eða framkvæmd samnings þessa eru bindandi fyrir lækna sem undirritað hafa þjónustusamning við Sjúkratryggingar.

16. gr.

Kvartanir

Læknir eða Sjúkratryggingar geta hvor um sig óskað eftir fundi sín á milli þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti, bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu. Hvor aðili um sig getur vísað álitamáli eða kvörtunum til úrlausnar hjá samstarfsnefnd.

17. gr.

Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu Sjúkratryggingar hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegund, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit Sjúkratrygginga getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við lækna og heimsóknum á starfsstofur. Læknum er skylt að veita heilbrigðisstarfsmönnum Sjúkratrygginga þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

18. gr.

Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að lækni uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa Sjúkratryggingar heimild til að rifta honum án fyrirvara og krefjast bóta af viðkomandi lækni fyrir fjártjón. Með sama hætti skal lækni heimilt að rifta aðild sinni að samningi þessum gagnvart Sjúkratryggingum ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar samkvæmt honum. Heimild aðila til að krefjast bóta á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Heimild Sjúkratrygginga til riftunar samnings við einstaka lækna er, eins og áður segir, bundin við að verulegur misbrestur hafi verið á því að lækni uppfylli skyldur sínar skv. samningnum. Í vægari tilfellum skulu Sjúkratryggingar, áður en til riftunar kemur, veita lækni skriflega viðvörðun og skora á hann að bæta ráð sitt, áður en riftunarheimild er beitt. Sinni lækni ekki slíkri áskorun telst það verulegur misbrestur í framangreindum skilningi.

Auk heimilda sem hér hafa verið tilgreindar fer um heimildir Sjúkratrygginga og meðferð þeirra eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni.

Komi til endurkröfu Sjúkratrygginga á hendur lækni er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

19. gr.

Lok starfsemi, uppsögn læknis

Lækni, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, skal tilkynna það skriflega til Sjúkratrygginga með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót, hvenær hann muni hætta störfum samkvæmt samningnum. Heimilt er að semja um styttri uppsagnarfrest.

20. gr.

Dómsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

21. gr.

Gildistími

Samningur þessi og þeir þjónustusamningar sem gerðir verða á grundvelli hans gilda frá og með 1. september 2023 til og með 31. ágúst 2028. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Með staðfestingu sinni veita heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra Sjúkratryggingum heimild til að undirrita þjónustusamninga við einstaka sérgreinalækna án þess að það kalli á frekari staðfestingu af þeirra hendi.

Samningnum má segja upp með 6 mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót, ef forsendur samningsins breytast verulega.

Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans, skal starfað áfram eftir honum, en hvor aðili fyrir sig getur sagt upp slíku fyrirkomulagi með 3 mánaða fyrirvara.

22. gr.
Fyrirvarar

Fjárhæðir í samningi þessum eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Samningur þessi er undirritaður af hálfu Læknafélags Reykjavíkur með fyrirvara um samþykki félagsfundar.

Reykjavík, 27. júní 2023

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Samstarfssamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands, kt. 650309-0220, (Sjúkratrygginga) og Læknafélags Reykjavíkur, kt. 450269-2559, (LR) um skipan og hlutverk samstarfsnefndar, eins og mælt er fyrir um í samningi sömu aðila um sérgreinalækniþjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, dags. 27. júní 2023. Samstarfssamningur þessi er fylgiskjal I með þeim samningi.

Samstarfsnefnd

Aðilar skulu skipa fjögurra manna samstarfsnefnd sem sinnir þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningi þessum. Hvor aðili um sig tilnefnir tvo aðila í nefndina. Samstarfsnefndin er vettvangur samstarfs um samninga aðila og framtíðarsýn varðandi skipulag þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna. Sjúkratryggingar leggja nefndinni til starfsmann.

Samstarfsnefnd getur skipað sérstaka starfshópa til að vinna að einstökum verkefnum. Samstarfsnefnd kallar að jafnaði til aðila úr viðkomandi sérgrein þegar fjallað er um mál hennar.

Til þess að ákvarðanir samstarfsnefndar verði bindandi þarf einróma samþykki nefndarmanna. Ágreiningsmálum er unnt að vísa til samninganefnda LR og Sjúkratrygginga.

Ákvarðanir samstarfsnefndar um breytingar, túlkun eða framkvæmd á samningi þessum, eru bindandi fyrir lækna sem starfa samkvæmt honum.

Samstarfsnefnd getur sett sér nánari starfsreglur, sem skulu þá birtar á vefsíðu Sjúkratrygginga.

Hlutverk samstarfsnefndar eru eftirfarandi:

1. Að móta viðmið um starfsemi starfsheilda sérgreinalækna og meta hvort einstakar starfsheildir nái þeim viðmiðum.
2. Fara yfir gjaldskránotkun og veitingu þjónustu einstakra lækna miðað við sambærilega lækna. Þetta á einnig við um rannsóknir, myndgreiningar og lyfjaávisanir.
3. Taka á því hvernig bregðast skuli við veruleg nýliðun sem hafi áhrif á forsendur samningsins um einingafjölda. Með sama hætti skal fjalla um skort á nýliðun.
4. Fjalla um forgangsröðun þjónustu og breytingar á gjaldskrá í þágu hennar. Í þessu sambandi skal samstarfsnefnd meðal annars fara yfir beiðnir um ný verk á gjaldskrá og leggja mat á umfang og kostnað og hvort þjónustan komi í stað annarrar þjónustu í samningnum eða feli í sér tilfærslu frá öðrum þjónustuveitendum.
5. Fjalla um nýtt verklag, t.d. vinnu í þverfaglegum teymum eða þegar aðrir starfsmenn vinna ákveðna verkþætti og skal samstarfsnefnd í því sambandi skilgreina vinnuframlag læknis og annarra stétta.

6. Á samningstíma skulu kannaðir kostir þess að taka ákveðna þjónustupætti út úr gjaldskrá lækna og semja um þá sérstaklega með heildstæðum hætti á grundvelli annarra greiðsluaðferða. Skal samstarfsnefnd fjalla um slík mál og leggja faglegt mat á þörf og hagkvæmni slíks fyrir þjónustupega, veitendur þjónustunnar og Sjúkratryggingar.
7. Útbúa í sameiningu skilgreiningar og lýsingar í samræmi við klínískar leiðbeiningar og ábendingar eftir því sem þörf er talin á.
8. Veita álit á túlkun samninga og túlkun/framkvæmd einstakra gjaldskrárliða, m.a. í eftirlitsmálum ef ágreiningur rís um þessi atriði.
9. Taka til umfjöllunar tilvik þar sem vafi leikur á hvort sérgreinalæknir sé hæfur til að veita þjónustu af viðeigandi gæðum og öryggi. Í slíkum tilfellum getur samstarfsnefnd lagt til að fara skuli fram sérstakt hæfnismat.
10. Verði verulegar breytingar á starfsumhverfi sérgreinalækna getur hvor aðili um sig óskað eftir að samstarfsnefnd fjalli um málið.
11. Að fjalla um heimildir lækna til notkunar gjaldskrárliða annarrar sérgreinar.
12. Bregðast við komi í ljós misræmi milli launaforsendna samningsins og raunlaunaþróunar samanburðarstétta, sem og almennra verðlagsbreytinga.
13. Fara yfir eftirlit Sjúkratrygginga sem beinist að starfsemi sérgreinalækna og veita stofnuninni ráðgjöf um framkvæmd þess.
14. Skipuleggja námskeið fyrir lækna um samninginn, gjaldskrá og beitingu hennar.
15. Taka til umfjöllunar beiðnir um að taka verk inn á gjaldskrá og eftir atvikum inn á sérstaka gjaldskrá á grundvelli takmarkaðrar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.
16. Sinna öðrum þeim verkefnum sem samstarfsnefnd er falið samkvæmt einstökum ákvæðum samnings milli Sjúkratrygginga og LR.

Þróunarverkefni

Þarfagreining og almenn forgangsöröðun

Á samningstímanum verði unnið að þarfagreiningu og mótun aðferða við forgangsöröðun þjónustu. Þarfagreining taki til tegunda og umfangs þjónustu, ásamt þjónustustigi að teknu tilliti til þeirrar hliðstæðu þjónustu sem aðrir þjónustuaðilar heilbrigðiskerfisins annast. Sérstaklega verði litið til þjónustuparfar á landsbyggðinni.

Gengið verði út frá því að þjónusta og þjónustustig verði sambærileg við það sem tíðkast í helstu samanburðarlöndum og byggi á gagnreyndri lækni meðferð. Leitað verði leiða til að innleiða nýja meðferð hratt og örugglega með hliðsjón af forgangsöröðun.

Kostnaðargreining

Á samningstímanum koma aðilar sér saman um framkvæmd, tímaramma og aðferðafræði við kostnaðargreiningu verka. Fenginn verður sérfróður aðili til að vinna greininguna og aðstoða við verkefnið. Aðilar samningsins munu leggja fram nauðsynleg gögn til hans.

Kostnaðargreiningin verður notuð til endurskoðunar gjaldskráa og einstakra þjónustubátta. Kostnaðargreiningin tekur einnig til kostnaðar við efni og einnota áhöld.

Nýsköpunarverkefni

Á samningstímanum verði unnið að því að auka vægi þróunar- og nýsköpunarverkefna í starfi sérgreinalækna. Tekinn verði frá viss fjöldi eininga sem nýta má í nýsköpunarverkefni samkvæmt nánara samkomulagi. Verkefni af þessu tagi geta meðal annars falið í sér nýja meðferð, þróun stafrænna lausna, nýtingu meðferðaráætlana vegna samfelldrar meðferðar og þverfaglega teymisvinnu.

Á samningstímanum skal unnið sérstaklega að eflingu heilbrigðisþjónustu og stafrænna lausna, s.s. tilvísanagáttar, biðlistaskráningar og stafrænnar miðlunar upplýsinga til notenda.

Á samningstímanum skal unnið að því að koma á skipulegri upplýsingagjöf Sjúkratrygginga til sérgreinalækna og notenda. Meðal annars skal stefnt að miðlun upplýsinga um samsetningu beinnar og afleiddrar þjónustu og kostnað ásamt samanburði við sambærilega þjónustuveitendur.

Þróun nýrra greiðsluaðferða

Á samningstímanum verði skoðaðir kostir þess að nýta fjölbreyttari greiðsluaðferðir með hliðsjón af kostnaðargreiningu og horfa til þess að greitt verði fyrir einstaka þjónustubætti með eftirfarandi hætti eftir eðli þjónustunnar:

- Greiðslur fyrir hvert unnið verk eins og verið hefur.
- Ein heildargreiðsla fyrir skilgreinda afmarkaða meðferð – einn reikningur í stað margra reikninga (svipað og DRG).
- Greiðslur á grundvelli meðferðarþarfa fyrir einstakling í samfelldri meðferð í ákveðinn tíma.

Jafnframt verði skoðaðir kostir þess að nýta samsetta fjármögnun sem byggir bæði á föstum og breytilegum greiðslum. Einnig verði skoðaðir möguleikar á því að innleiða viðbótargreiðslur á grundvelli markmiða um aukna samvinnu, gæði og árangur.

Kostnaður vegna samstarfs- og þróunarverkefna

Tryggð verði framlög vegna kostnaðar við samstarfs- og þróunarverkefni samkomulagsins. Í tengslum við gerð samkomulagsins vinna Sjúkratryggingar kostnaðaráætlun vegna þessara verkefna.

Aðilar geta samið um greiðslur vegna sérstakra verkefna sem félagar LR taka að sér að frumkvæði samstarfsnefndar.

Endurskoðun einstakra ákvæða

Einstakir þættir samstarfssamningsins og tengdra samninga (samnings og þjónustusamninga) verða endurskoðaðir á samningstímanum:

- Viðmið um starfsemi starfsheilda skulu sett eigi síðar en fyrir árslok 2023.

- Vinna við leiðréttingu á gjaldskrárám skal hefjast við gildistöku samningsins og er stefnt að því að þeirri vinnu verði lokið fyrir árslok 2023.
- Kröfur til gæðastarfs og innra eftirlits skulu sett eigi síðar en fyrir árslok 2024.
- Ákvæði um magn og tegundir þjónustu verða sett á grundvelli þarfagreiningar eigi síðar en fyrir árslok 2025. Ákvæði um magnstýringu verði endurskoðuð þegar þarfagreining liggur fyrir.
- Gjaldskrár verða endurskoðaðar á grunni kostnaðargreiningar og gjaldskrárskýringar gerðar eigi síðar en fyrir mitt ár 2026. Þó skal heimilt að endurskoða einstaka þætti gjaldskráa fyrir, leiði kostnaðargreining í ljós verulegt misræmi gjaldskráa og metins kostnaðar.
- Nýjar greiðsluáðferðir verða innleiddar í áföngum frá ársbyrjun 2025 eða fyrir ef báðir aðilar eru sammála um það.

Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2023 og skal hafa sama gildistíma og samningur Sjúkratrygginga og LR sem vísað hefur verið til hér að framan. Þó skal samstarfsnefnd taka til starfa við undirritun samningsins.

Reykjavík, 27. júní 2023

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Samningsform samnings við lækna

Þjónustusamningur

sérgreinalæknis utan sjúkrahúsa

milli Sjúkratrygginga Íslands, kt. 650309-0220 og neðangreinds sérgreinalæknis

Nafn sérgreinalæknis:

Kennitala:

Sérgrein:

Starfshlutfall á stofu:

Samanlagt starfshlutfall fastra

starfa hjá opinberum aðilum:

Áætlaður einingafjöldi á

ársgrundvelli:

Nafn starfsheildar: *

Kennitala starfsheildar:

Nafn fyrirtækis sem sendir

reikning:

Kennitala fyrirtækis sem

sendir reikning:

Upphaf starfs skv. samningi

þessum:

*) Óski læknir eftir því að starfa utan starfsheildar skal það tilgreint hér með orðunum: „*Utan starfsheildar*“.

Ef breytingar verða á ofangreindu skal það tilkynnt Sjúkratryggingum og nýr samningur gerður í samræmi við það.

1. gr.**Gildissvið**

Þjónustusamningur þessi byggir á samningi Sjúkratrygginga og Læknafélags Reykjavíkur, dags. 27. júní 2023, og eru samningsaðilar bundnir af ákvæðum þess samnings.

Með undirritun þjónustusamnings þessa skuldbindur ofangreindur læknir sig til að fara að ákvæðum samnings og samstarfssamnings Sjúkratrygginga og Læknafélags Reykjavíkur,

dags. 27. júní 2023, m.a. ákvæðum um samstarfsnefnd, eftirlit ofl. Þá gilda endurskoðunarákvæði þeirra um þjónustusamning þennan.

2. gr.
Samningsgögn

Eftirtalin fylgiskjöl eru hluti þjónustusamnings þessa:

- | | |
|---------------|--|
| Fylgiskjal I | Samningur Sjúkratrygginga og Læknafélags Reykjavíkur, dags. 27. júní 2023 |
| Fylgiskjal II | Samstarfssamningur Sjúkratrygginga og Læknafélags Reykjavíkur, dags. 27. júní 2023 |

3. gr.
Skyldur læknis.

Læknir, sem starfar á grundvelli þjónustusamnings þessa, staðfestir með undirritun sinni að hann hafi kynnt sér efni samninga í fylgiskjölum I-II og að hann muni starfa samkvæmt þeim.

4. gr.
Gildistími

Gildistími þjónustusamnings þessa byggir á gildistíma samnings Sjúkratrygginga og Læknafélags Reykjavíkur í fylgiskjali I. Falli samningurinn úr gildi fellur þjónustusamningur þessi jafnframt úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 27 júní 2023

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Gjaldskrá sérgreinalækna

Eftirfarandi almenn atriði eru innifalin í gjaldliðnum Viðtal og skoðun: Taka sjúkrasögu, skoðun á sjúklingi og það sem henni tilheyrir samkvæmt hefð læknisfræðinnar. Enn fremur öll vinna við sjúkraskrá, samtöl við heilbrigðisstarfsmenn um sjúkling, móttaka og mat á rannsóknarniðurstöðum og símtöl/samskipti við sjúkling vegna viðtalsins innan 30 daga. Aðrar rannsóknir og aðgerðir, sem sérstaklega er innheimt fyrir, eru ekki innifaldar.

Ef tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir, þ.m.t. deyfingar, eru gerðar í sömu lotu, kemur fullt gjald fyrir fyrstu aðgerðina, þá sem hærra eða hæst er metin, en hálf gjald fyrir hinar, enda sé ekki kveðið öðruvísi á um í gjaldskrá.

Gjaldskrá:

Gjaldskrá fyrir sérfræðipjónustu samkvæmt samningi SÍ og LR

Gildir frá 1. september 2023

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Ein.	Tækjagi. (viðbót)			Gj.nr.	Ein.
			Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.		
Augnlækningar							
51-001-02	Viðtal og skoðun augnlækis. Felur eftir þörfum í sér athugun á sjón, skoðun á framhluta augna og á augnbotnum án útvíkkunar sjáaldra og augnþrýstingsmælingu. Önnur einföld verk sem eru innifalin í þessum lið eru m.a. Amsler rannsókn, dýptarskynspróf, litarskynspróf, keratometría, keratoscopia, snertiskynsmæling hornhimnu, tárflæðispróf, fluoreceinspróf á tárágöngum, frárennslispróf, dýptarmæling framhólfis, Hertel exophthalmometría, smásjárskoðun á endotheli og epilatio.	18,0			18,0		
51-002-01	Viðtal og skoðun augnlækis án sérgreindra rannsókna og/eda aðgerða	20,0			20,0		
51-003-01	Vitjun	25,0			25,0		
51-005-05	Gonioscopia	7,0			7,0		
51-005-06	Refractionsmæling (subj. refraction)	8,0			8,0		
51-005-20	Refractionsmæling (subj. refraction) v/sjúkratryggðra 18-70 ára sem greiða fullt verð. Skv. reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu sem er í gildi á hverjum tíma.	8,0			8,0		
51-005-07	Rofnir samvextir í auga	7,0			7,0		
51-005-08	Samhæfispróf / ekki með 51-009-04	7,0			7,0		
51-005-09	Skuggapróf / ekki með 51-005-06	10,0			10,0		
51-005-10	Tárágöng könnuð	7,0			7,0		
51-005-11	Þykktarmæling hornhimnu	7,0			7,0		
51-006-02	Ytri augnmyndataka	10,0			10,0		
51-006-03	Raufsjármyndataka	10,0			10,0		
51-006-04	Smásjárskoðun á augnbotni eftir útvíkkun sjáaldra /ekki með 51-009-10	10,0			10,0		
51-006-06	Subconjunctival inndæling lyfs	10,0			10,0		
51-007-01	Tekin minni háttar húðæxli eða húðbreytingar, vörtur. Meðferð sem fellur undir sjúkratryggingar, sbr. reglugerð nr. 722/2009	11,0			11,0		
51-008-01	Glæra fryst, brennd eða skafin	12,0			12,0		
51-008-03	Sauntaka undir smásjá	12,0			12,0		
51-009-01	Aðskotahlutur tekinn úr glæru	15,0			15,0		
51-009-02	Chalazion aðgerð. Meðferð sem fellur undir sjúkratryggingar, sbr. reglugerð nr. 722/2009	15,0			15,0		
51-009-03	Opnaður abscess á tárasekk	15,0			15,0		
51-009-04	Orthoptískur status	15,0			15,0		
51-009-05	Retrobulber inndæling lyfs	15,0			15,0		
51-009-06	Tárágöng stíluð	15,0			15,0		
51-009-10	Augnbotnamyndataka og smásjárskoðun á augnbotni eftir útvíkkun sjáaldra /ekki með 51-006-04	20,0			20,0		
51-011-01	Leiðsludeyfing á auga	20,0			20,0		
51-011-02	Sjónsviðspróf með tækjum	20,0			20,0		
51-011-03	Terapeutiskar contactlinsur mátadaðar	20,0			20,0		
51-013-01	Inndæling á botoxi í vðva kringum auga, á hálsi eða aðra grunnlæga staði, hvert meðf. skipti	35,0			35,0		
51-013-02	Leiðsludeyfing og akinesi á auga	35,0			35,0		
51-014-01	Aðgerð með hátíðnistraumi eða frýstingu	48,0			48,0		
51-014-02	Fotocoagulatíó minni háttar / ekki með 51-006-04	48,0			48,0		
51-015-01	Fluorescein angiografía / ekki með 51-006-04	68,0			68,0		
51-020-01	Minni háttar staðdeyfingar (t.d vegna æxlis í húð)	8,0			8,0		

Gj.nr.	Heiti lækisverks	Tækjagi. (viðbót)				Gj.nr.	Ein.
		Ein.	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.		
	Þjónusta augnlækna með sérmenntun í augnloka-, táranganga- og augntóttaaðgerðum á viðurkenndri skurðstofu						
	Aðgerðir gerðar í deyfingu						
	Viðtal er innifalið í eftirtöldum liðum:						
51-050-01	Retrobulbar inndæling lyfs	15,0			15,0		
51-051-01	Leiðsludeyfing á auga	20,0			20,0		
51-052-01	Leiðsludeyfing og akinesi á auga	35,0			35,0		
51-052-02	Inndæling á botoxi í kringum auga	35,0			35,0		
51-053-01	Aðgerð með hátíðnistraumi eða frystingu	50,0			50,0		
51-053-02	Tárögng stíluð	50,0			50,0		
51-053-03	Opnaður abcess á tárasekk	50,0			50,0		
51-053-04	Chalazion aðgerð. Meðferð sem fellur undir sjúkratryggingar, sbr. reglugerð nr. 722/2009	50,0			50,0		
51-053-05	Brottnám á meinsemd af augnloki, sbr reglugerð nr. 722/2009	50,0			50,0		
51-053-06	Fyrsta viðgerð á slímhúð á auga og tárögngum	50,0			50,0		
51-053-07	Augnglufa þrengd	50,0			50,0		
51-054-01	Æxli tekið af glæru	60,0			60,0		
51-055-01	Entropion aðgerð	80,0			80,0		
51-055-02	Ectropion aðgerð	80,0			80,0		
51-055-03	Pterygium aðgerð	80,0			80,0		
51-055-04	Tárasekkur tekinn	80,0			80,0		
51-056-01	Bakfærsla eða úrnám eins augnvöðva	90,0			90,0		
51-056-02	Entropion aðgerð með vöðvatilfærslu	90,0			90,0		
51-057-01	Bakfærsla eða úrnám augnvöðva á báðum augum	110,0			110,0		
51-057-02	Bakfærsla eða úrnám augnvöðva á öðru auga	110,0			110,0		
51-058-01	Blepharochalasis aðgerð efra/neðra	118,0			118,0		
51-058-02	Ptosis aðgerð. Meðferð sem fellur undir sjúkratryggingar, sbr. reglugerð nr. 722/2009	118,0			118,0		
51-059-01	Aðgerð á augntóft	153,0			153,0		
51-059-02	Dacryocystorhinostomia	153,0			153,0		
51-059-10	* Krossstenging á kollageni í hornhimnu.	208,0			208,0		
	* Sækja þarf um fyrirfram til SÍ						

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Tækjagi. (viðbót)				Gj.nr.	Ein.
		Ein.	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.		
	Þjónusta augnlækna með sérmenntun í augnløka-, táranganga- og augntóttaaðgerðum á viðurkenndri skurðstofu						
Aðgerðir í svæfingu/slævingu með aðkomu svæfingarlæknis						Svæfing/slæving vegna aðgerða hjá augnlæknum	
	Ath. Viðtal er innifalið í eftirtöldum liðum:						
51-Q53-01	Aðgerð með hátíðnistraumi eða frýstingu	51,5			51,5	51-Z53-01	46,5
51-Q53-02	Tárangöng stíluð	51,5			51,5	51-Z53-02	46,5
51-Q53-03	Opnaður abcess á tárasekk	51,5			51,5	51-Z53-03	46,5
51-Q53-04	Chalazion aðgerð. Meðferð sem fellur undir sjúkratryggingar, sbr. reglugerð nr. 722/2009	51,5			51,5	51-Z53-04	46,5
51-Q53-05	Brottnám á meinsemd af augnløki, sbr reglugerð nr. 722/2009	51,5			51,5	51-Z53-05	46,5
51-Q53-06	Fyrsta viðgerð á slímhúð á auga og tárangöngum	51,5			51,5	51-Z53-06	46,5
51-Q53-07	Augnglufa þrengd	51,5			51,5	51-Z53-07	46,5
51-Q54-01	Æxli tekið af glæru	62,0			62,0	51-Z54-01	56,0
51-Q55-01	Entropion aðgerð	82,5			82,5	51-Z55-01	75,5
51-Q55-02	Ectropion aðgerð	82,5			82,5	51-Z55-02	75,5
51-Q55-03	Pterygium aðgerð	82,5			82,5	51-Z55-03	75,5
51-Q55-04	Tárasekkur tekinn	82,5			82,5	51-Z55-04	75,5
51-Q56-01	Bakfærsla eða úrnám eins augnvöðva	92,5			92,5	51-Z56-01	85,5
51-Q56-02	Entropion aðgerð með vöðvatilfærslu	92,5			92,5	51-Z56-02	85,5
51-Q57-01	Bakfærsla eða úrnám augnvöðva á báðum augum	113,5			113,5	51-Z57-01	104,5
51-Q57-02	Bakfærsla eða úrnám augnvöðva á öðru auga	113,5			113,5	51-Z57-02	104,5
51-Q58-01	Blepharochalasis aðgerð efra/neðra	121,5			121,5	51-Z58-01	112,5
51-Q58-02	Ptoisis aðgerð. Meðferð sem fellur undir sjúkratryggingar, sbr. reglugerð nr. 722/2009	121,5			121,5	51-Z58-02	112,5
51-Q59-01	Aðgerð á augntóft	157,5			157,5	51-Z59-01	146,5
51-Q59-02	Dacryocystorhinostomia	157,5			157,5	51-Z59-02	146,5
	Rannsóknir og meðferðir ná til beggja augna alla jafnan, nema þar sem slíkt er algerlega óviðeigandi (s.s. korn í auga, lasermeðferð).						
	Ef tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir, þ.m.t. deyfingar, eru gerðar í sömu lotu, kemur fullt gjald fyrir fyrstu aðgerðina, þá sem hærra / hæst er metin, en hálf fyrir hinar.						

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Tækjagi. (viðbót)				Gj.nr.	Ein.
		Ein.	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.		
Barnageðlækningar							
54-053-01	Geðlækning, 1/2 klst. hvert skípti. Sjúklingur 18 ára eða eldri. Sjúklingur ekki skemur en 20 mín. hjá læknum	20,0			20,0		
54-053-02	Stutt viðtal við sjúkling yngri en 18 ára. Sjúklingur ekki skemur en 20 mín. hjá læknum	20,0			20,0		
54-054-01	Geðlækning, 1 klst. hvert skípti. Sjúklingur 18 ára eða eldri. Sjúklingur ekki skemur en 45 mín. hjá læknum	40,0			40,0		
54-055-02	Viðtal við sjúkling yngri en 18 ára. Sjúklingur ekki skemur en 45 mín. hjá læknum	52,0			52,0		
54-056-01	Fjölskyldumeðferð, 2 klst. hvert skípti. Sjúklingur ekki skemur en 100 mín. hjá læknum	60,0			60,0		
54-056-02	Foreldravíðtal vegna sjúklings yngri en 18 ára, 1 1/2 klst. hvert skípti. Foreldri ekki skemur en 70 mín. hjá læknum	65,0			65,0		
54-057-01	Greiningarviðtal v/sjúklings yngri en 18 ára. Miðað er við að sjúklingur sé inni hjá lækni í a.m.k. 60 mín. og að vinna við greininguna taki 90 mínútur, þ.m.t. sérhæfar greiningaraðferðir. Greiningarviðtal telst fyrsta viðtal nýs sjúklings hjá viðkomandi barnageðlækni. Komi sjúklingur á ný til meðferðar hjá sama barnageðlækni og hann var til meðferðar hjá áður, takmarkast notkunin við tvö viðtöl á tveggja ára fresti fyrir hvern einstakling.	70,0			70,0		
Barnalækningar							
52-001-01	Sprautuviðtal barnalæknis	7,5			7,5		
52-003-01	Scopiuviðtal sérfræðings í meltingarsjúkdómum 2)	12,0			12,0		
52-004-01	Viðtal og skoðun	21,5			21,5		
52-004-02	Viðtal og skoðun án sérgreindra rannsókna og eða aðgerða	21,5			21,5		
52-005-01	Viðtun	25,0			25,0		
52-006-01	Ráðgjafaviðtal (hámark 3% af fjölda viðtala)	39,0			39,0		
52-006-10	Langt viðtal barnalæknis. Miðað er við að sjúklingur sé inni hjá lækni í a.m.k. 45 mín.	45,0			45,0		
	Langt viðtal barnalæknis er notað vegna rökstudds gruns um þroskahömlun, athyglisbrest eða hreyfiofyrirni, erfiðleika í námi, hegðun eða aðlögun og vegna gruns um seinkaðan hreyfi- og talþroska eða önnur svipuð vandamál. Innifalið er prófun barnsins, mat á fyrirbyggjandi gögnum og miðlun niðurstaðna til tilvísandi aðila og annarra sem málið varðar. Miðað er við að sjúklingur sé inni hjá lækni í a.m.k. 45 mín.						
52-007-01	Álag v/skoðunar barns yngra en tveggja ára	4,0			4,0		
52-008-01	Skyndigreining á streptococca bakteríum í hálsi hjá börnum	5,5			5,5		
52-008-02	Blódtaka í rannsóknaskyni hjá börnum 2ja-4ra ára	4,0			4,0		
52-009-01	Hjartarit (ekg) - úrlestur innifalinn 1)	6,5			6,5		
52-009-02	Spirometria með vitalgraf eða sambærilegum spirometer 3)	6,5			6,5		
52-010-01	Blódtaka í rannsóknaskyni hjá börnum yngri en 2ja ára	7,0			7,0		
52-011-01	Nákvæmt mat sérhæfðs barnalæknis 1) 2) 3) 4)	10,0			10,0		
52-011-02	Sýnitaka við speglanir til meinfrumurannsókna 2)	10,0			10,0		

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Tækjagj. (viðbót)			Gj.nr.	Ein.
		Ein.	Gj.nr.	Ein.		
52-012-01	Molluscum contagiosum teknir í svæfingu. Meðferð sem fellur undir sjúkratryggingar, sbr. reglugerð nr. 722/2009	11,0				11,0
52-012-02	Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi 3)	11,0				11,0
52-013-01	Nákv. neurologísk skoðun sérfr. í taugasjúkdómum og taugaskurðlækningum (Hámark í 65% af viðtölum)	12,0				12,0
52-013-02	Stíf rectosigmoidoscopy 2) Sbr. gjaldskrá vegna meltingarlækninga					
52-014-01	Ph-mæling í vélinda, 24 tímar 2)	15,0				15,0
52-015-02	Holterpróf ætíð án viðtals 1)	24,0				24,0
52-015-03	Skynpróf í endaparmi 2)	20,0				20,0
52-016-01	Ofnæmisrannsókn (percutan og intracutan seria) 3)	29,0				29,0
52-017-01	Ristilspeglun, stutt (sveigjanleg sigmoidoscopy eða vinstri colonoscopy) 2) Sbr. gjaldskrá vegna meltingarlækninga					
52-019-01	Penicilín-próf	40,0				40,0
52-019-02	Þrýstimæling í endaparmi 2)	48,0				48,0
52-020-03	Óm- og Dopplerskoðun af hjarta, ætíð án viðtals	84,0				84,0
52-020-04	Ómskoðun á hjarta ætíð án viðtals	52,0				52,0
	Notist eingöngu af sérfræðingum í eftirtöldum greinum:					
	1) Barnalæknar, sérsvið hjartalækningar					
	2) Barnalæknir, sérsvið meltingar- og næringarsjúkdómalækningar					
	3) Barnalæknir, sérsvið ofnæmislækningar					
	4) Aðrir sérhæfðir barnalæknar					
Blóðfræðingar						
58-001-01	Viðtal skemmra en 15 mínútur	14,0				14,0
58-002-01	Viðtal og skoðun	21,5				21,5
58-002-02	Viðtal og skoðun án sérgreindra rannsókna eða aðgerða	21,5				21,5
58-003-01	Álag vegna sérhæfðs mats, (hámark 30% af heildarkomufjölda)	10,0				10,0
58-004-01	Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	7,0				7,0
58-005-01	Hjartarit (ekg) - úrlestur innifalinn	6,5				6,5
58-006-01	Innhelling í æð (infusion með t.d cytotatika)	10,0				10,0
58-006-02	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	10,0				10,0
58-006-03	Blóðtaka í lækningaskyni s.s. v/hemos iderosis eða polycytemia vera	10,0				10,0
58-007-01	Blóðfrumumagn (hæmatocrit)	3,6				3,6
58-007-02	Blóðtaka vegna rannsóknar annars staðar	3,6				3,6
58-008-01	Blóðflögur taldar	4,5				4,5
58-008-02	Netfrumur taldar	4,5				4,5
58-008-03	Rannsókn á litanlegum ögnum í blóðfrumum (basadeplar, járn)	4,5				4,5
58-008-04	Hver sérlitun við mergskoðun	4,5				4,5
58-008-05	Blóðstrok rannsakað + deilitalning hvítra blóðkorna	4,5				4,5

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Tækjagi. (viðbót)				Gj.nr.	Ein.
		Ein.	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.		
58-009-01	Blóðhagur II (með electrón. teljurum) (hb,hct,rblk,mcv,hbk,mchc)	7,2			7,2		
58-010-01	Sérfræðileg rannsókn blóðstroka (vandamálablóðstroka)	8,0			8,0		
58-011-01	Blóðhagur II, blóðsökk og blóðstrok + deilitalning gerð samtímis	11,7			11,7		
58-012-01	Beinmergsbiopsia	15,0			15,0		
58-012-02	Mergstunga (aspirat) með einnota áhaldi	15,0			15,0		
58-013-01	Fullkomin mergr. m/deilit., mati á frumum., útr. á M:E hlutfalli og leit að mergfmandi frumum	30,0			30,0		
58-014-01	Mergbiopsia með einnota áhaldi	25,0			25,0		
58-015-01	Yfirlitsrannsókn á þvagi (smásjárskoðun + kemi)	5,4			5,4		
Bæklunarlæknar							
53-301-01	Viðtal og skoðun.	16,0			16,0		
	Eftirfarandi almenn atriði eru innifalin í gjaldliðnum:						
	Taka sjúkrasögu, skoðun á sjúklingi og allt sem henni tilheyrir samkvæmt hefð læknisfræðinnar. Ennfremur undirbúningur og frágangur sjúkraskýrslu, útfylling eyðublaða, ritun læknabréfs, viðræður við lækna, félagsráðgjafa eða aðra um sjúkling, móttaka og mat á rannsóknarniðurstöðum, símtöl við sjúkling. Aðrar rannsóknir og aðgerðir, sem sérstaklega er innheimt fyrir eru ekki innifaldar. Gert er ráð fyrir að þetta gjaldskrárnúmer sé notað þegar um er að ræða endurkomu, þ.e. viðtal og skoðun eftir fyrsta viðtal og skoðun, svo og fyrstu komu vegna einfaldra algengra vandamála. Má nota með gjaldliðum 53-350-01, 53-350-02 og 53-350-03, þegar það á við.						
53-302-01	Álag vegna 1. skoðunar bæklunarlæknis vegna sjúkdóms eða slyss.	10,0			10,0		
	Gert er ráð fyrir að þessi gjaldskrárliður sé notaður við fyrstu skoðun bæklunarlæknis á algengustu vandamálum í þessari sérgrein. Um sé að ræða vandamál sem takmarkist við afmarkað líkamssvæði, án sértækra rannsókna eða frekari gagnaöflunar. Viðtal og ítarleg sérfræðingsskoðun takmarkist við þetta líkamssvæði, án sértækra rannsókna eða frekari gagnaöflunar. Þessi gjaldskrárliður er einnig notaður fyrir endurkomu eftir aðgerð með stærri umbúðaskiptum og sárameðferð eða skoðun röntgenmynda vegna meðferðar. Má nota oftast við samfellda eftirmeðferð eftir aðgerðir og áverka. Gert er ráð fyrir að þessum gjaldskrárlið sé ekki beitt oftast en á 12 mánaða fresti, sem álag við fyrsta viðtal og skoðun, nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu. Þennan gjaldskrárlið má nota með 53-301-01 (og 53-350-01, 53-350-02 og 53-350-03, þegar það á við).						
53-302-02	Álag vegna sérlegs ítarlegs mats.	19,0			19,0		
	Álag vegna sérstaklega ítarlegs viðtals og skoðunar bæklunarlæknis. Miðað er við að sjúklingur sé í viðtali og skoðun hjá lækni a.m.k. 30 mín. Þessi gjaldskrárliður er notaður þegar er um er að ræða flóknari tilfelli, sjúkdóma eða afleiðingar slysa á fleiri en einu líkamssvæði, sem krefst þá umfangsmikillar skoðunar bæklunarlæknis. Gert er ráð fyrir eigin skoðun bæklunarlæknis á myndgreiningarrannsóknum eða öðrum sérhæfðum rannsóknum, þegar við á. Ítarleg skoðun á stoðkerfi og taugaskoðun er innifalin í þessum gjaldskrárlið. Sérstök ítarleg handarskoðun bæklunarlæknis sem er sérfræðingur í handarskurðlækningum fellur undir þennan lið svo og ítarleg stoðkerfisskoðun bæklunarlæknis á fötlunum barna vegna afleiðinga sjúkdóma eða afleiðinga meðfæddra eða áunninna galla. Gert er ráð fyrir að þessum gjaldskrárlið sé ekki beitt oftast en á 12 mánaða fresti, sem álag við viðtal og skoðun, nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu. Þennan gjaldskrárlið má nota með 53-301-01 (og 53-350-01, 53-350-02 og 53-350-03, þegar það á við).						

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Tækjagi. (viðbót)			Gj.nr.	Ein.
		Ein.	Gj.nr.	Ein.		
Aðgerð í svæfingu / slævingu með aðkomu svæfingarlæknis					Svæfing / slæving hjá bæklunarlæknum	
	Í gjaldliðum 53-303-01 - 53-325-03 er innifalið viðtal, 1. skoðun og álag þegar það á við.					
53-303-01	Eftirlit eftir sprautumeðferð vegna lófafellskreppu (contractura Dupuytren) Heimilt er að nota eftirtalda gjaldliði með 53-303-01: 53-303-25, ef kemur til sárumeðferðar 53-345-01, sett gifs eða plastgifs í endurkomu, ef nauðsyn krefur <u>Ef kemur til deyfingar er heimilt að nota eftirtalda liði með 53-303-01:</u> 82-002-04, Minni háttar leiðsludeyfing á taugum ekki nefndum 82-005-01, Medianus deyfing 82-005-03, Ulnaris deyfing Óheimilt er að taka aðra gjaldliði með 53-303-01.	26,0			26,0	
53-303-02	Liðhlaup sett (fingur/tá/olnbogi/öxl/hnéskel)	33,0			33,0	53-403-02 29,0
53-303-03	Losun á stórum lið í svæfingu	33,0			33,0	53-403-03 29,0
53-303-04	Sett gifs eða plastgifs í svæfingu	33,0			33,0	53-403-04 29,0
53-303-05	Tekið osteosyntesmaterial (minni háttar)	33,0			33,0	53-403-05 29,0
53-303-10	Saumað minni háttar sár/ klippt upp úr sári	32,0			32,0	
53-303-40	Saumað minni háttar sár/ klippt upp úr sári	33,0			33,0	53-403-40 29,0
